

Ed.

286. Tillaga

til þingsályktunar um hámarkslaun og landauragreiðslu.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að flytja fyrir næsta þing frv. um hámarkslaun, þar sem hver einstakur skattþegn verði að greiða í ríkissjóð af persónulegum tekjum sínum 80% af þeirri upphæð, sem er fram yfir 8000 kr., þó að frádregnum sköttum til ríkis, bæjarfélags og þjóðkirkjunnar.
2. Að láta Hagstofu Íslands finna undirstöðu að nýjum landaurareikningi, þar sem verð á afurðum landsins yrði grundvöllur undir öllum kaupgreiðslum úr ríkissjóði næsta ár á eftir.

Greinargerð.

Ég flutti á síðasta þingi frv. um hámarkslaun. Hafði hugmyndin mikið fylgi meðal allra stétta í landinu, eins og sést á fjölmörgum tillögum frá þingmálafundum. En á Alþingi mætti frv. nokkurri mótspyrnu, af því að gert var ráð fyrir að taka allan gróðann eða kúfinn af stórtækjum manna, og var það ástæðan til þess að frv. náði ekki fram að ganga þá. Ég hefi að visu ekki sannfærzt um réttmæti þeirra röksemda, sem fram voru bornar gegn frv., og hygg, að þær hafi aðallega verið bornar fram af fulltrúum hátekjustéttanna. En til samkomulags hefi ég viljað freista, að farin yrði sú leið, að ætla gróða- og hátekjumönnum að hafa eftir 20 aura af hverri krónu af tekjum sínum yfir 8000 kr., að frádregnum opinberum gjöldum, sem dragast frá áður en hátekjuskatturinn kemur til greina.

Annað mikilsvert atriði er landaurareikningurinn. Við endurskoðun launaganna hlýtur það að verða þýðingarmikið mál að samræma laun opinberra starfsmanna við afkomu atvinnuveganna. En það verður ekki gert með neinni nákvæmni nema með því að greiða embættis- og starfsmönnum landsins allt kaup í landaurum. Ætti landsstjórninni að vera auðvelt að láta Hagstofuna framkvæma þennan undirbúning.